

336. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 1. desember 2022 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

**Mættir:**

Júniana Björg Óttarsdóttir  
Björn H Hilmarsson í fjarveru AK  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Óskaði hún eftir því að fá að taka inn með afbrigðum sem 12. lið ósk um aukafjárveitingar. Var það samþykkt og að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

- 1) **Bréf frá Þuríðu Hall Sölvadóttur og Stíg Reynissyni, dags. 11. nóvember 2022, varðandi kaup á Keflavíkurgötu 10.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að ganga til samninga við Þuríði og Stíg um kaup á Keflavíkurgötu 10.
- 2) **Umsókn frá Eyglóu Önnu Þorkeldsdóttur, dags. 8. nóvember 2022, að fá að halda hundinn Birtu.**  
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 3) **Bréf frá bæjarritara, dags. 29. nóvember 2022, varðandi ósk um aukafjárveitingu vegna snjósmoksturs**  
Bæjarráð samþykkti aukafjárveitinguna samhljóða.
- 4) **Gjaldskrár Snæfellsbæjar – tillögur að breytingum fyrir árið 2023.**  
Bæjarráð óskaði eftir því að taka út hækkun á leikskólagjöldum, en halda inni hækkun á fæði í leikskóla. Bæjarráð staðfesti tillögur að gjaldskrár Snæfellsbæjar fyrir árið 2023 með ofangreindum breytingum og samþykkti samhljóða að vísa þeim til seinni umræðu í bæjarstjórn.
- 5) **Tillögur að styrkjum í fjárhagsáætlun 2023.**  
Bæjarráð staðfesti tillögur að styrkveitingum fyrir árið 2023 og samþykkti samhljóða að vísa þeim til seinni umræðu í bæjarstjórn.
- 6) **Tillögur að fjárfestingum ársins 2023.**  
Bæjarráð staðfesti tillögur að fjárfestingum Snæfellsbæjar fyrir árið 2023 og samþykkti samhljóða að vísa þeim til seinni umræðu í bæjarstjórn.
- 7) **Tillögur að fjárfestingum Hafnarsjóðs 2023.**  
Bæjarráð staðfesti tillögur að fjárfestingum Hafnarsjóðs fyrir árið 2023 og samþykkti samhljóða að vísa þeim til seinni umræðu í bæjarstjórn.
- 8) **Tillaga að fjárhagsáætlun Hafnarsjóðs 2023.**  
Lagt fram til kynningar.
- 9) **Tillaga að fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og A- og B-hluta stofnana hans fyrir árið 2023.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa tillögu að fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2023 til seinni umræðu í bæjarstjórn.
- 10) **Tillaga að þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar fyrir árin 2024-2026.**  
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar 2024-2026, og samþykkti samhljóða að vísa tillögunni til samþykktar í bæjarstjórn
- 11) **Þriggja ára áætlun Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga fyrir árin 2024-2026.**  
Lagt fram til kynningar.

12) Bréf frá bæjarritara, dags. 1. desember 2022, varðandi ósk um aukafjárveitingu vegna kaupa á húsum og fjármögnun á því.

Bæjarráð samþykkti samhljóða aukafjárveitingu vegna kaupa á húsum og fjármögnun á þeim.


13) Minnispunktar bæjarstjóra


- Bæjarstjóri sagði frá stöðunni í sorpmálum.
- Bæjarstjóri sagði frá félagsþjónustumálum.
- Bæjarstjóri ræddi stöðu heilsugæslunnar.
- Bæjarráð lýsti yfir ánægju sinni með þær upplýsingar sem það fær í gegnum fundargerðir framkvæmda-  
teymisins og óskaði eftir því að fá upplýsingar frá fleiri starfsmönnum. Til að byrja með óskaði bæjarráð  
eftir því að fá markaðs- og kynningarfulltrúa Snæfellsbæjar inn á bæjarstjórnarfundi til að fara yfir stöðu  
mála.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:13

  
Jónína Björg Ottarsdóttir

  
Björn H. Hilmarsson

  
Friða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari